

fræðslufundur

– að ganga með barn og hafa ígrætt nýra –

Fimmtudaginn 15. apríl n.k. heldur Margrét Birna Andrésdóttir nýrnalæknir fyrirlestur um meðgöngu og fæðingu kvenna sem hafa ígrætt nýra.

Fundurinn verður haldinn í kaffistofu starfsmanna á

1. hæð í Hátúni 10b og hefst klukkan 20:00

Eftir fyrirlesturinn verður fyrirspurnum svarað.

KAFFIVEITINGAR

Takið með ykkur gesti!

Við erum sífellt minnt á að hreyfing er margra meina bót.

Nýrnasjúkir, aðstandendur þeirra og vinir eru velkomnir í gönguhópa bæði **Samtaka sykursjúkra** og **Parkinsonsamtakanna**.

Helga Eygló leiðir gönguhóp sykursjúkra á sunnudögum klukkan 13:00 sem hér segir:

14. febrúar – gengið frá Langholtskirkju
28. febrúar – gengið frá Neskirkju
14. mars – gengið frá Grafarvogskirkju
28. mars – gengið frá Snælandsskóla
11. apríl – gengið frá Reynisvatni í Grafarholti
25. apríl – gengið frá sundlauginni í Álftanesi

Parkinsonsamtökin hittast á hverjum fimmtudegi klukkan 11:00 í kaffi Flóru í Laugardalnum.



FRÉTTABRÉF

1. tbl. 23. árg. febrúar 2010

Meðal efnis:
**Fræðslumynd um nýrnabilun
Fræðslufundur – sjá bakhlið
Aðalfundur 25. mars n.k.
Vorferð / FUGLASKOÐUN**

EF

**ÞÚ ÞEKKIR EINHVERN
NÝRNASJÚKAN
BENTU HONUM ÞÁ Á FÉLAGIÐ**

NÆSTU STUÐNINGSFUNDIR

Tengslahóps

nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra

Reykjavík: miðvikudaginn 3. mars
í Hátúni 10b 9. hæð

fundurinn hefst kl. 19:30

Akureyri: miðvikudaginn 24. febrúar

í safnaðarheimili Akureyrarkirkju
fundurinn hefst kl. 20:00

**Nánari upplýsingar á www.nyra.is
og í síma 896 6129**

Félag nýrnasjúkra

Hátúni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244

Netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: www.nyra.is

Kæru félagar

Starf félagsins hefur aukist mikið síðustu ár. Árangurinn sést meðal annars á stórauðnum félagafjölda. Þetta er gleðiefni því stærra félag verður sterkara félag. Enn er félagið þó allt of lítið miðað við þann fjölda sem veikist af alvarlegum, langvinnum nýrnasjúkdómum ár hvert og þau verkefni sem félaginu ber að sinna.

Árið 2009 heilsaði nýrnasjúkum ekki vel en 1. janúar tók gildi reglugerð um komugjöld á dagdeildir þar á meðal skilunardeild. Gjaldinu var mótmælt harðlega af hálfu stjórnar félagsins enda er það óþekkt í hinum vestræna heimi að gjald sé tekið af þeim sem þurfa á skilunar-meðferð að halda. Gjarnan er vísað til þess að jafnvel í Ameríku er slíkt gjald ekki tekið. Eftir stjórnarskiptin tókst að fá gjaldið fellt niður. Þetta sýnir okkur að við verðum ævinlega að vera viðbúin því að vernda rétt nýrnasjúkra.

Þegar ég horfi til baka til síðasta árs er mér efst í huga það mikla starf sem almennir félagsmenn lögðu af mörkum í hinum mörgu og fjölbreyttu verkefnum félagsins. Þar ber basarinn hæst. Félagið hélt basar í Kringlunni um miðjan nóvember þar sem seld var fjölbreytt úrval af handavinnu og góðar kökur. Sá atburður var ein samfelld gleði – bæði undirbúningur sem stóð allt haustið sem og framkvæmdin og afraksturinn.

Síðastliðið vor tók stjórnin ákvörðun um að láta gera fræðslumynd um meðferð nýrnabilunar. Samningar voru gerðir við Pál Kristín Pálsson sem gerði myndina *Annað líf - fræðslumynd um líffæragjafir á Íslandi*. Tökur hófust sl. haust og nú er verið að leggja lokahönd á myndina. Vonir standa til að myndin verði sýnd í sjónvarpinu í tengslum við Alþjóðlega nýrnadaginn sem er 11. mars n.k.

Heimasíðan er mikilvæg ásýnd félagsins. Vefari síðunnar er óþreytandi að setja inn allt sem honum er sent af efni og því eru á síðunni nýjustu fréttir úr starfi félagsins. Ég bendi einnig á greinar sem nýlega eru komnar inn.

Jórunn Sörensen

...gerið nyra.is að upphafssiðu í tölvunni ykkar – því fleiri heimsóknir því meiri líkur á því að fá auglýsingar á síðuna...

Á dagskrá á næstunni

Áhugaverður fræðslufundur verður haldinn fimmtudagskvöldið 15. apríl n.k. Sjá nánar á baksíðu.

Laugardaginn 15. maí er félagsmönnum boðið í FUGLASKOÐUN í Friðlandinu í Flóa og síðan í kaffi í Rauða húsinu á Eyrarbakka. Nánar í bréfi.

Aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 25. mars n.k. á 9. hæð í Hátúni 10 og hefst klukkan 20:00. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður verður kynnt starf félagsins fyrir unga nýrnasjúka. Nánar í aðalfundarboði.

Haustfagnaður verður haldinn laugardaginn 16. október n.k.

TAKIÐ DAGANA FRÁ!

MINNINGARKORT – HEILLASKEYTI

Það er nauðsynlegt að eiga styrktarsjóðinn þegar einstakir félagsmenn þurfa á aðstoð að halda og einnig til stærri verkefna sem nýtast nýrnasjúkum almennt.

Allt sem inn kemur fyrir minningarkort og heillskeyti rennur óskipt í styrktarsjóðinn og því eru félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins beðnir um að hafa kort og skeyti í huga við viðeigandi aðstæður. Hér gildir það sannarlega að

margt smátt gerir eitt stórt